

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

44. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 20.maí 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson af hálfu KÍ og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins sat einnig fundinn. Guðbjörg Ragnarsdóttir tilkynnti forföll.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Útgáfa á heildstæðum kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

**Niðurstaða:**

Heildstæður kjarasamningur verður birtur 1. júní 2015.

**2. Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu við 55 og 60 ára aldur**

Í samkomulagi aðila sem undirritað var 20. maí 2014 var ekki gerð grein fyrir hvernig farið er með þann tíma sem vantar upp á að fullri vinnuskyldu kennara sem njóta kennsluafsláttar er náð. Í samningnum er talað um 19 tíma kennsluskyldu en einungis 5 kennslustundir þegar þær ættu að vera 7. Þá liggur fyrir að kennarar sem tóku ákvörðun um að afsala sér ekki kennsluafslætti hafi útfra þessu tekið ákvörðun útfra því að óbreytt væri frá fyrri samningi að handleiðsla og ráðgjöf væru áfram verkefni sem kennarar sinntu þær 2 klukkustundir sem vantar upp á að fullri vinnuskyldu sé náð.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að skólaárið 2015 – 2016 gildi eftirfarandi vegna kennara sem nær 60 ára aldri á skólaárinu og hefur valið að halda réttindum um kennsluafslátt samkvæmt grein 2.5.2.1 og taka þannig laun skv. launatöflu B:

60 ára kennari sem ekki hefur afsalað sér kennsluafslætti á rétt á því að minnka kennsluþátt starfsins í sem nemur 19 kest./viku gegn því að taka að sér önnur störf við skólann eða skóla sveitarfélagsins sem nemur 5 klukkustundum á viku. Sá tími sem upp á vantar að fullri vinnuskyldu sé náð, tvær klukkustundir, er ætlaður til ráðgjafar/handleiðslu. Reynist þörf skóla á tíma til ráðgjafar/handleiðslu minni en til ráðstöfunar er getur skólastjóri í samráði við kennara falið honum önnur sambærileg ráðgjafa og handleiðsluverkefni.

Vinnutími kennara og störf sem hann sinnir á þeim tíma sem myndast við afsal kennsluafsláttar er undir verkstjórn skólastjóra og skal hann tilgreindur í vinnumat og þá almennt taka mið af B - eða C - þætti vinnumats og þeim verkefnum sem þar eru tilgreind.

**3. Greiðsla álags í teyrum samkvæmt grein 1.3.6 vegna viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu. – 1503034SA**

Erindi barst samstarfsnefnd þar sem spurt er hvort heimilt er við þær aðstæður þar sem kennari/ar í teymi forfallast að skipta 0,5 álagi milli þeirra kennara sem leysa forföllin og bæta við sig nemendum samkvæmt grein 1.3.6.

**Niðurstaða:**

Málið rætt. Ákvörðun frestað meðan frekari upplýsinga er aflað.

**4. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30